

Betra líf.

Vísir 29. nóv. 1935

103

Brot.

I.

Mjög þarft er starf þeirra manna, sem vinna á móti nautn tóbaks, og áfengis, því að ekki geta mennirnir orðið svo viðunandi sé, né mannfélagið, fyr en slíku er útrýmmt. Drukkinn maður er vitskertur og eru tíðindin af öllu því illa, sem af ölæði hefir hlotist, svo alkunn, að ekki þarf hér orðum að því að eyða. En tóbaksnautnin spillir hjarta og andardráttarfærum, og þyrfti þó einmitt ekki sist þar að gera alt, sem unt er, til að styrkja en veikja ekki. Ýmsir miklir andans menn, hafa haft hina megnustu óbeit á tóbaki, og nætti þar nefna skáldin Goethe og Björnson. Á heimili Björnsons voru reykingar harðbannaðar nema í einu herbergi, og það lýsir vel tilfinningum hins fræga húsbónda gagvart tóbakinu, að hann nefndi herbergi það svínastíuna. Og er það mála sannast, að á því er hin mesta nauðsyn, að það verði talið með öllu óhæft og engum sæmandi, að reykja í húsum inni.

II.

En hversu illa, sem mönnum kann að vera við tóbak og áfengi, þá stoðar ekki að dyljast þess, að það er af knýjandi þörf, sem slíks er neytt, þörf á að hressa sig og gleðja. Og ekki þarf að gera sér neina von um að barátta þeirra manna sem ég mintist á í upphafi greinar þessarar, verði sigursæl, fyr en eitthvað það er fengið, sem glatt geti menn og hrest, ekki síð-

ur en vín og tóbak, og þó helst betur og þá vitanlega þannig að ekki fylgi gallar slíkir. Og er þetta ritað í þeirri von, að verða nætti til að gera mönnum eitthvað auðveldara fyrir í þessum efnun.

Það er líklega óhætt að segja, að því hafi tæpast verið veitt nógu almenn eftirtekt, hve mjög súkkulaði gæti komið í stað vins. Ekki verður þó sagt um hinn ágæta skörung náttúrufræðinnar, Linné, að hann hafi vanmetið súkkulaðið, því hann nefndi kakaótréð Theobroma, en það þýðir goðafæða, og af því er hið hressandi efni í súkkulaðinu kallað Theobromin. Efni þetta mun vera nokkru seinvirkara en áfengi, en það hressir og fjörgar, og þó án þess að ilt fylgi. Það tekur einnig langt fram hinum tilsvarendi efnun í kaffi og tei. Coffeinið hefir í för með sér hjartslátt og taugaóstyrk og vinnur á móti eðlilegri syfju, en þó gerir theinið það ennþá fremur, og má heita öflugt andsvefnmeðal. Súkkulaðið gæti ófæð orðið þeim að gagni, sem eru að reyna til að venja sig af áfengisnautn, og er skaði mikill, að það fæst hér varla eins gott og þyrfti og er þó of dýrt til þess að almenningur geti neytt þess daglega.

Helgi Pjeturss.